

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 546/2010 um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Staflíður g fellur brott.
- b. Núverandi i-liður orðast svo: að sinna kynningarstarfi fyrir stjórn málafræðideild.
- c. Í stað orðanna „Stjórn mála og stjórnsýsla“ í núverandi k-lið koma orðin: Stjórn mála & stjórnsýsla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. kemur orðið: sjö.
- b. Í stað orðsins „tvo“ í 3. málsl. kemur orðið: þrjá.
- c. 4. málslíður orðast svo: Í stjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall hvors kyns sé ekki minna en 40%, sbr. 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

3. gr.

3. málsl. 2. mgr. 8. gr. reglnanna orðast svo: Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar deildarforseta stjórn málafræðideildar og samþykkt af forseta félagsvísindasviðs.

4. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, að fenginni tillögu stjórn málafræðideildar og stjórnar félagsvísindasviðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 7. júní 2022.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.